

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á skilmálum frístundabyggðar í Úthlíð, þakhalli og mænisstefna.*  
Í breytingunni felst að þakhalli verði á bilinu 0-45 gráður í stað 15-45. Einnig er felld út ákvæði um sérstaka mænisstefnu húsa.  
Samþykkt í sveitarstjórn 13. nóvember 2014.
2. *Deiliskipulag íbúðarhúsalóðar á jörðinni Haukadalur 3.*  
Í deiliskipulaginu felst að á jörðinni Haukadalur 3 er gert ráð fyrir 2.000 m<sup>2</sup> lóð þar sem heimilt verður að reisa allt að 250 m<sup>2</sup> íbúðarhús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2014.
3. *Breyting á skilmálum frístundabyggðarinnar Vaðs í landi Brúar, stærð aukahúsa.*  
Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja allt að 30 m<sup>2</sup> aukahús í stað 10 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall lóðanna er 0,03 og breytist það ekki.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2014.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Heiðar.*  
Í breytingunni felst að leikvöllur sem gert er ráð fyrir í núverandi skipulagi breytist í frístundalóð. Lóðin er 3.500 m<sup>2</sup> og gert er ráð fyrir að byggingarreitur lóðarinnar verði 50 m frá þjóðvegi.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 3. júní 2015.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**